

„Ímynd og orðræða kennara“

Greinargerð um verkefni sem KÍ hefur staðið fyrir og stöðu ímyndarmála í kjölfar ályktunar ársfundar KÍ 2015.

Aðalheiður Steingrímsdóttir, varaformaður KÍ
Aðalbjörn Sigurðsson, útgáfu- og kynningarstjóri KÍ

Inngangur

Yfirskrift ársfundar KÍ 2015 var „Ímynd og orðræða kennara“. Á fundinum voru haldin fimm erindi um efnið og starfað var í umræðuhópum. Ályktun var ennfremur samþykkt um ímyndarmál, en hún hefur eftirtaldar megináherslur:

- Kennarar, náms- og starfsráðgjafar og skólastjórnendur þurfa að hafa frumkvæði að því að breiða út jákvæða og faglega samfélagsumræðu um kennarastarfið, skóla- og menntamál og starf kennarasamtakanna.
- Það er sameiginlegt verkefni allra félagsmanna KÍ að styrkja ímynd kennara, bæta orðræðu um kennarastarfið og efla samstöðu stéttarinnar.

Fundurinn fól forystu KÍ að hefjast þegar í stað handa og einnig að leggja á næsta ársfundi fyrir greinargerð um stöðu mála. Í henni yrði að farið yfir verkfæri sem nýtt hefðu verið og framgang vinnunnar. Einnig yrði þar að finna greiningu á því starfi sem að baki væri, auk áætlunar um næstu skref.

Helstu atriði úr umræðum ársfundar KÍ 2015 um „Ímynd og orðræðu kennara“

Aðalverkefni

Að vinna með slagorðið „Kennarinn þinn“ með það að markmiði að auka hróður kennara. Einnig þarf að:

- Sýna fram á hið góða og fjölbreytta starf sem fram fer í skólum landsins á hverjum degi og stýra þar með umræðu um skóla- og menntamál. Það þurfa kennarar sjálfir að gera.
- Leggja áherslu á jákvæða umfjöllun um kennarastarfið, hvað í því felst og mikilvægi þess fyrir samfélagið.
- Vinna með slagorð um fagmennsku kennara og leggja áherslu á að kennarar eru sérfræðingar.
- Efla samskiptahæfni kennara með það að markmiði að styrkja fagmennsku stéttarinnar og gera fagmennsku sýnilegri í kennarastarfinu.
- Leggja áherslu á að kennarar eru málsvarar barna og ungmenna og skólans í samfélaginu. Einnig að benda á að kennarar starfa í þágu almannaheilla.
- Velja kennara ársins.
- Standa vörð um íslenska tungu með ýmsum hætti.

Sjálfstyrking / liðsheild – KÍ

Efla þarf sjálfmynd kennara, meðal annars með því að tala jákvætt um kennarastarfið. Kennarar sjálfir þurfa að vinna í að auka sjálfsvirðingu stéttarinnar, t.d. með símenntun, hópefli og fræðslustarfi. Einnig er mjög nauðsynlegt að hampa því sem vel er gert. Kennarar þurfa að sýna starfinu og hverjum öðrum virðingu.

Sjálfstraust
Jákvæðni – Liðsheild - **Sjálfstyrking** - Stéttarvitund – Sjálfsvirðing
Samheldni

Þessu til viðbótar þarf að gera kennaranámið og kennarastarfið eftirsóknarvert. Ennfremur þurfa kennarar að auka jákvæða umræðu innan frá.

Liðsheild

Kennarar eru allir í einu liði og kennarar eru KÍ. Auka þarf samstöðu innan kennarastéttarinnar með því að finna samnefnara, móta og styrkja sjálfmynd, ímynd og sýn. Kennarar sjálfir þurfa að ákveða fyrir hvað þeir vilja standa. Samstaða og stéttarvitund skipta máli. Leggja þarf áherslu á eftirtalda þætti:

- Vanda samræðuna inn á við.
- Hefja umræðu um siðareglur, netsiðareglur og siðfræði kennarastarfsins til að efla fagmennsku og fagsjálfíð.
- Bæta samskipti milli skólastiga. Einnig er mikilvægt að svæða- og félagsdeildir hittist, tali saman og vinni að faglegum verkefnum. Hægt er að sækja um sérstaka styrki til samstarfs milli svæðafélaga/deilda skv. lögum KÍ.
- Miðla þekkingu milli félaga og skólastiga.
- Halda málþing um fagleg mál en einnig að leggja áherslu á greinaskrif, þáttagerð o.fl.
- Efna til fræðslu til að treysta samheldni og samstöðu.
- Efla menntapólitíska umræðu en einnig umræðu um uppeldi og faglega þjálfun.
- Auka athygli á „Degi kennarans“, en hann er haldinn hátíðlegur um heim allan 5. október ár hvert.
- Kennarar kynnist öðrum skólastigum og skólagerðum.
- Forysta KÍ ætti að heimsækja alla skóla til að treysta faglega samræðu og heildarhugsun.
- Gera mælingar og viðhorfskannanir meðal félagsmanna.

KÍ í forystu

Kennarasamband Íslands á að vera samtök einnar kennarastéttar. KÍ á að vera sameiningartákn en einnig í forystu í menntapólitík og umræðu. KÍ þarf að leggja áherslu á að:

- Kennarar stýri umræðu um menntamál.
- Setji faglega umræðu og starf í fyrsta sæti.
- Vinni að auknu samráði og samvinnu í faglegum málum.
- Vinni í ímynd KÍ sem faglegs stéttarfélags sem hefur það meginmarkmið að koma á framfæri að kennarar eru mikilvægir fagmenn sem starfa fyrir samfélagið.

Eigi að takast að auka umræðu um kennarastarfið þurfa allir félagar KÍ að taka þátt. Aðildarfélög, starfsfólk, stjórnir, nefndir og ráð, trúnaðarmenn, svæða- og félagsdeildir og fagfélög þurfa að leggjast á eitt í þessu verkefni. Ennfremur þarf að virkja skólana sjálfa, stjórnendur þeirra og starfsmenn. Í umræðum á ársfundi var rætt um að koma á laggirnar sérstakri framkvæmdanefnd sem leiddi starfið, sem í sætu m.a. fulltrúar úr skólamálaráði KÍ og starfsfólk útgáfusviðs. Einnig þyrfti „100 manna herinn“ að vera virkur á öllum stigum, en þar er átt við forystusveit KÍ og aðildarfélagana.

Minnt er á að á ársfundi KÍ 2015 kynnti Capacent niðurstöður úttektar á skipuriti, rekstri og starfsemi KÍ og á viðhorfum félagsmanna til þjónustu KÍ. Í niðurstöðum þeirrar úttektar er fjallað um fjölmörg atriði sem tengjast vinnu við að styrkja „ímynd og orðræðu kennara“.

Verkefni

Kennarasambandið hefur unnið að fjölda verkefna síðasta árið í því augnamiði að auka umræðu um kennarastarfið og skóla- og menntamál. Þau helstu eru þessi:

Útgáfa og miðlar

Talverðar breytingar hafa verið gerðar á útgáfu Kennarasambandsins frá síðasta ársfundi. Meðal annars er í dag mun meiri áhersla en áður lögð á miðlun upplýsinga á samfélagsmiðlum auk þess sem nýlega var tekin í notkun heimasíðan www.skolavardan.is. Því til viðbótar hefur verið unnið að því að kynna nýja nálgun varðandi öflun efnis og upplýsinga, þar sem markmiðið er að virkja sem flesta félagsmenn KÍ.

Skólavarðan.is: Nýr vefur, www.skolavardan.is var tekinn í notkun í byrjun árs 2016. Um leið var útgáfu rafrænnar Skólavörðu, í gegnum smáforrit (app), hætt. Miklar breytingar hafa orðið á miðlun rafræns efnis á síðustu misserum. Þeim fækkar stöðugt sem velja að skoða efni og halda utan um það í gegnum smáforrit. Á sama tíma hefur þróun í smíði „responsive“ heimasíðna verið mjög hröð, en þessar síður laga sig sjálfkrafa að þeim tækjum sem þær eru skoðaðar í. Ný vefur Skólavörðunnar er einmitt „responsive“. Með honum er hægt að miðla efni hratt og örugglega án þess að útgáfan sé bundin við ákveðinn útgáfudag. Einnig er afar auðvelt að miðla efni af nýjum vef á samfélagsmiðlum. Tímaritið Skólavarðan, sem gefið er út af KÍ á pappír, mun eftir sem áður koma út tvisvar á ári.

Samfélagsmiðlar: Starfsmenn KÍ leggja í dag mun meiri áherslu en áður á að vera virkir á samfélagsmiðlum, sérstaklega Facebook og Twitter. Þar deila starfsmenn útgáfusviðs daglega helstu fréttum sem tengjast skóla- og menntamálum, auk þess sem KÍ deilir öllum fréttum og tilkynningum úr starfsemi sinni á samfélagsmiðlum sínum.

„Aukum umræðu um kennarastarfið“: KÍ stofnaði í byrjun árs lokaðan hóp (group) á Facebook sem ber nafnið „Aukum umræðu um kennarastarfið“. Rétt rúmlega 300 manns eru nú í þessum hópi og er markmið að safna saman á einn stað félagsmönnum og öðrum sem hafa áhuga á að auka umræðu um kennslu, kennarastarfið og menntamál. Í þessum hópi fara fram umræður um mál sem þátttakendum finnst rétt að vekja athygli á, auk þess sem þar er hægt að koma með ábendingar um efni sem rétt er að fjalla um eða koma á framfæri í miðlum KÍ.

Samfélagsmiðlanámskeið: KÍ hefur síðustu mánuði boðið upp á námskeið í notkun samfélagsmiðla (sjá nánar í kaflanum „Fræðslustarf og fundir“)

Aldurs- og kynjasamsetning stéttarinnar

Í lok síðasta árs var umfangsmikil greining í Skólavörðunni á aldurs- og kynjasamsetningu félaga KÍ og þörf fyrir stórákna aðsókn í kennaramenntun og nýliðun í stéttinni. KÍ og aðildarfélög þurfa að vinna með þetta mikilvæga efni.

Alþjóðadagur kennara

Hafinn var undirbúningur að því að efla alþjóðadaginn með ýmsum viðburðum. Efnit var til smásagnasamkeppni meðal nemenda og málþing haldið um samfélagsmiðla og kennslu í samstarfi við samtökin Heimili og skóla. Skólavarðan var gefin út í tilefni dagsins og myndbandið „uppáhaldskennarinn“ þar sem nokkrir vegfarendur í miðborg Reykjavíkur voru beðnir að nefna uppáhaldskennarann sinn og útskýra af hverju sá var viðkomandi minnisstæður. Einnig voru skólástjórnendur og kennarar hvattir til að vekja athygli á kennarastarfinu, opna skólana og standa fyrir viðburðum í tilefni dagsins. Smásagnakeppnin tókst vonum framfar og myndbandið vakti mikla athygli, færri mættu á málþingið en vonir stóðu og til og mjög fáir skólar, ef nokkrir, virðast hafa tekið þátt í deginum. Halda þarf áfram því verkefni að festa alþjóðadaginn í sessi.

Skólamálaþing KÍ

Í starfsáætlun KÍ er gert ráð fyrir að skólamálaþing KÍ verði tekið upp að nýju og haldið árlega. Stefnt er að því að skólamálaþing verði fastur viðburður á alþjóðadegi kennara og að fyrsta þingið verði haldið 5. október 2016. Markmiðið er að þingið verði vettvangur fyrir íslenska kennarastétt til að koma saman og ræða kennarastarfið og skóla- og menntamál og atriði sem efst eru á baugi hverju sinni.

Fagfélög

Framkvæmdastjórn skólamálaráðs KÍ kom á tengslum við fagfélög list- og verkgreina til að vinna að samþykkt þings KÍ um eflingu greinanna og nýlega var haldinn upplýsinga- og samræðufundur með faggreinafélögum kennara um samstarfsmöguleika og fleira.

Fræðslustarf og fundir

Haldið var námskeið fyrir nýja og nýlega trúnaðarmenn um ráðningar- og réttindamál, fagmennsku trúnaðarmanna, siðareglur og samskipti. Haldin voru tvö námskeið fyrir forystusveit KÍ og aðildarfélaga, annað á Akureyri og hitt í Reykjavík, um leiðtogafærni og forystu og notkun samfélagsmiðla til að auka umræðu um kennarastarfið og skóla- og menntamál. Í tengslum við námskeiðin var boðið upp á opna fundi um stefnu í námskrármálum og faglegt sjálfstæði kennara. Haldin voru sex námskeið um notkun samfélagsmiðla til að efla umræðu um kennarastarfið og skóla- og menntamál fyrir starfsfólk Kennarahúss, forystusveit KÍ og aðildarfélaga og félagsmenn. Kennari á þessum námskeiðum var Maríanna Friðjónsdóttir og kenndi hún þátttakendum fjölbreyttar leiðir við að koma málum á framfæri á hinum ýmsu samfélagsmiðlum.

Öll framangreind námskeið tókust vel. Halda þarf áfram á þessari braut, bjóða upp á fræðslu og fundi, hvetja og styðja við þátttöku í umræðu um kennarastarfið og skóla- og menntamál.

Kynningarmyndband um KÍ

Verið er að vinna að kynningarmyndbandi um starfsemi KÍ þar sem skólastarf og kennarar eru forgrunni. Gert er ráð fyrir að myndbandið verði tilbúið í haust.

Menntun og skólastarf

Í því skyni að auka umræðu um stöðu menntunar og skólastarfs sendi framkvæmdastjórn Skólamálaráðs KÍ frá sér úttekt á stöðu innleiðingar laga og námskráa og umræðuhefti um menntamál. Markmiðið var að vekja athygli á og kalla eftir umræðu félagsmanna og greinaskrifum þeirra um stöðu menntunar og skólastarfs, stefnu í menntamálum hér á landi eins og hún birtist í hvítbók menntamálaráðherra um umbætur í menntun, tillögum um aðgerðir og ákvörðunum um framkvæmd. Lítil viðbrögð hafa borist við þessu efni.

Samstarf við háskóla sem mennta kennara

Það er stefna KÍ að tengja sig vel við háskóla sem mennta kennara með því að stofna samstarfsvettvang með þeim um málefni kennaramenntunar og kennarastarfsins. Búið er að stofna samstarfsnefndir með háskólunum þar sem markmiðin eru eftirfarandi:

- Að efla kennaramenntun og kennarastarf.
- Að taka þátt í faglegri umræðu um kennaramenntun og kennarastarf á hverjum tíma, ræða m.a. um breytingar á lögum og reglugerðum og skyld mál, fjalla um skipulag og úrbætur og eiga frumkvæði að umræðu um nýjungar.
- Að tryggja gagnkvæmt flæði upplýsinga milli félagsmanna KÍ og háskólanna og sinna fræðslu- og kynningarverkefnum er þessu tengjast.

Starfið hefur farið vel af stað. Það þarf að rækta og nýta þau tækifæri sem þarna gefast til samstarfs um eflingu kennaramenntunar og kennarastarfsins.

Samfélagsmiðlastefna

Kennarasambandið setti sér í lok síðasta árs samfélagsmiðlastefnu. Þar eru settar fram á einfaldan hátt leiðbeiningar um hvernig starfsmenn KÍ og félagsmenn eiga að koma fram og tjá sig á samfélagsmiðlum. [Hægt er að kynna sér samfélagsmiðlastefnu KÍ hér.](#)

Siðareglur

Siðaráð vakti athygli á siðareglum í Skólavörðu og fréttabréfum aðildarféлага. Einnig var gerð könnun hjá þeim nemendum sem útskrifuðust með kennaramenntun vorið 2015 til að vekja athygli á siðareglunum og safna upplýsingum um hvort, og þá hvernig, þær kæmu fyrir í námi kennaranema. Siðaráð hefur í huga að fylgja þessu eftir með því að vekja frekari athygli kennaranema á siðareglunum.

Svæða- og félagsdeildir

Sent var bréf til deildanna með hvatningu um að efla samstarf um fagleg verkefni og bent á styrki til þessa, samkvæmt lögum KÍ. Engar umsóknir bárust um styrki.

Úrvinnsla úr erlendu efni um skóla- og menntamál, miðlun og nýting

Reynt er eftir föngum að fylgjast með efni og skýrslum um skóla- og menntamál í Evrópu til að auka þekkingu á því sem hæst ber. Mikilvægt er að koma þessum málum í skýrari farveg og efla úrvinnslu, nýtingu og miðlun til að leggja inn í umræðu um kennarastarfið og skóla- og menntamál.

Framgangur vinnunnar og stöðumat

Matið er að vinnan hafi þokast áfram og við erum lögð af stað við að auka umræðu um kennarastarfið og skóla- og menntamál. Búið er að smíða tæki sem kennarar geta nýtt sér til að koma málefnum og verkefnum á framfæri og starfsmenn KÍ eru betur í stakk búnir við að taka við þessum ábendingum en áður. Ennfremur hefur stór hópur forsvarsmanna KÍ og félagsmanna sótt námskeið þar sem þeir hafa fengið leiðsögn um hvernig hægt er að koma málum og málefnum á framfæri á samfélagsmiðlum.

Verkefnin eru m.a. að:

- Auka umræðu um kennarastarfið og skóla- og menntamál
- Virkja sem flesta félagsmenn KÍ við að koma málum og verkefnum á framfæri
- Efla samstarf kennara
- Hafa áhrif á þróun kennaramenntunar, kennarastarfsins og skólastarfsins
- Bæta kjör, aðbúnað og samkeppnishæfni starfa
- Tryggja nýliðun í kennarastétt
- Næra hvetjandi vinnuumhverfi

Markmiðin eru m.a. að:

- Efla sjálfsmynd kennara
- Auka virðingu kennara innbyrðis og frá umhverfinu
- Efla kennaramenntun og gera að starfsævilangri menntun
- Efla menntun og menntakerfið

Við þurfum að herða á starfinu, auka þátttöku í því og koma í skýrari farveg með meiri samhæfingu og skipulagi, verkefnisstjórn, aðgerðaáætlun til eins árs í senn, árangursmælingum og viðhorfskönnunum. Yfirvinna þarf fálæti gagnvart verkefninu og undirbyggja samstöðu um það og langt úthald.